

IB 2/2018

Fyrri A 1767/presidiet
skjalsnúmer
Afgreiðsla Forsætisnefndin

Tungumál í Norðurlandaráði

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð taki ákvörðun um

að breyta 74. grein í Starfsreglum Norðurlandaráðs um tungumál frá og með 1. janúar 2020 með eftirfarandi orðalagi:

„Tungumál norrænu ríkjanna eru talin jafngild á fundum Norðurlandaráðs. Opinber tungumál ráðsins eru danska, finnska, íslenska, norska og sænska.

Túlkað er á og úr finnsku og íslensku á og úr dönsku, norsku og sænsku eftir þörfum. Ekki er túlkað á milli dönsku, norsku og sænsku.

Þýða ber mikilvæg skjöl á og úr finnsku og íslensku á og úr dönsku, norsku eða sænsku. Ekki er þýtt á milli dönsku, norsku og sænsku.

Forsætisnefndin setur reglur um túlkun og þýðingar.

Á skrifstofunni er notast við dönsku, norsku og sænsku. Á skrifstofu Norðurlandaráðs á ávallt að vera starfsfólk sem hefur ítarlega þekkingu á hverju og einu tungumála norrænu landanna.“

Kaupmannahöfn, 6. nóvember 2018

Michael Tetzschner

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs